

Orð og efni.

—x—

I.

Löng og klaufaleg orð eru kostnaðarsöm. Þau eyða að óþörfu, vinnu, pappír, bleki, prentsvertu o. fl. Af því tagi er orðið köfnunarefni (Nitrogenium). Mætti í þess stað hafa orðið kæfi. Svíar kalla efnið Nitrogenium qväfve, og mun það vera sama orðið og kvef. En í stað orðsins súrefni (oxygenium) mætti hafa týri, leitt af fúrr, eldur. Fýrga væri þá sama sem að oxydera, en ~~oxyd~~ héti fýrgi, ~~oxydut~~ týrgli. En það afbrigði fóris, sem nefnt er ozon, mætti kalla ilmi. Af því stafar sjávarilmurinn sem finna má leggja inn yfir bæinn stundum, jafnvel ennþá. Ilmi er einnig í skógarlofti og inni við jökla.

II.

Í efnafraðibókum má lesa að fýrið sé litarlaus lofttegund. En eg hygg að það sé blátt á lit, þó að ekki sjáist sá litur fyr en horft er í gegnum mikil af því. Er sá litur hinn fugursta, því að himinblámann er litur fýrisins, og fjöllin eru blá, af því að horft er í gegnum blátt efni. Hvergi hefi eg séð eins blá fjöll og á Grænlandi, inni við jökulinn mikla, og stafar líklega af því, að þar sé óvanalega mikil af ilmi (ozon) í andrúmsloftinu, en ilmið nokkru blárra en vanalegt fýri. Nafnið Bláskóga mætti, ef til vill, einnig rekja þangað. Fornmenn voru glöggskygnir mjög á landslag og sveitarfegurð, eins og örnefni þau sem þeir gáfu, bera ljóslega vott um, og kynni þeim að hafa virst í bláasta lagi við Pingvallavatn. En orsök þess sú, að yfir vatninu og umhverfis, sé loft í ilmaðra lagi.

12. sept.

Helgi Pjeturss.

Viss 14 Sept 1930